

Fundargerð 79. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 7. júlí 2015 kl. 11:00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason. Guðjón Bragason var fjarverandi

Frá FMS: Björn Jóhannsson og Ólöf Ýrr Atladóttir

Dagskrá fundar:

Auglýsing um nýjan Umhverfisstjóra kynnt og rædd. Stefnt er að því að ráða nýjan umhverfisstjóra í ágúst þannig að hann geti hafið störf í september.

Björn beðinn um að skrá niður verkferla fyrir nýjan starfsmann.

Skjalavörslukerfi rætt og stjórnin óskaði eftir aðgangi að öllum skýrslum sem koma að verkefni sjóðsins.

Rætt var um framkvæmdahraða verkefna og nauðsyn þess að horft sé til fleiri ára en eins árs í senn við styrkveitingar.

Rætt var um laun stjórnar og tilmæli ráðuneytisins um að gert sé ráð fyrir launum.

Sævar kynnti ástandið í Mývatnssveit og spurði hvort Ferðamálastofa gæti haft áhrif á uppbygginguna. Erfitt er að vinna uppbyggingu þegar ekki liggur fyrir heildarplan og ákvörðunartaka fer aðeins fram í tengslum við stök verkefni. Ólöf ræddi um að kom af stað vinnu við stjórnun ferðamannastaða.

Fundi slitið kl 12:00

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

Albina Thordarson
Guðjón Bragason
Anna G. Sverris
Sævar Skaptason

